



Ásmundur Helgason  
er adallögfræðingur Alþingis.

Ásmundur Helgason:  
**UPPLÝSINGASKYLDA RÁÐHERRA VIÐ ALPINGI\***

EFNISYFIRLIT:

1. INNGANGUR
2. UPPLÝSINGASKYLDA EÐA UPPLÝSINGARÉTTUR
  - 2.1 Hver er munurinn?
  - 2.2 Lagagrundvöllur upplýsingaskyldu ráðherra
  - 2.3 Lagagrundvöllur upplýsingaréttar þingmanna
    - a) Almennt um lagagrundvöllinn
    - b) Upplýsingarétturinn og rannsóknarskylda ráðherra
    - c) Opnbert málefni
    - d) Undantekningar frá upplýsingarétti
  3. UMFJÖLLUN UM UPPLÝSINGASKYLDU Í ÍSLENSKUM STJÓRNSKIPUNARRÉTTI
  4. FRUMVОРP UM UPPLÝSINGASKYLDU RÁÐHERRA
  5. HVÍLIR UPPLÝSINGASKYLDA Á RÁÐHERRA Á ÖLÖGFESTUM GRUNDVELLI?
  6. UPPLÝSINGASKYLDA RÁÐHERRA Á ÖÐRUM NORÐURLÖNDUM
    - 6.1 Danmörk
    - 6.2 Noregur
    - 6.3 Svíþjóð
    - 6.4 Finnland

\* Grein þessi hefur staðist þær fraðilegu kröfur sem gerðar eru samkvæmt verklags- og ritrýnireglum Tímarits lögfræðinga.

## 7. LÖGBUNDIN UPPLÝSINGASKYlda RÁÐHERRA HÉR Á LANDI

- 7.1 Er ástæða til að binda skylduna í lög?
- 7.2 Hversu ítarleg á reglan að vera?
- 7.3 Hvers konar reglu er rétt að lögfest?
- 7.4 Tvíþætt regla
- 7.5 Undantekningar

## 8. SAMANTEKT

### 1. INNGANGUR

Stór hluti af störfum og embættisskyldum ráðherrans snúast um samskipti við Alþingi. Þar færir hann rök fyrir þeim málum sem hann flytur og verður að vera undir það búin að rökstýðja stjórnarathafnir sínar. Öll þessi samskipti kalla á miðlun upplýsinga frá ráðherra og þeiri stjórnssýslu sem undir hann heyrir til Alþingis.

Margt virðist vera óljóst um þennan þátt í samskiptum þings og ráðherra og eðillegt að ýmsar spurningar vakni. Hvíla t.d. einhverjar sérstakar skyldur á ráðherrum við þessa upplýsingagjöf og hvers eðlis eru þær? Gilda einhver viðmið um það hversu umfangsmiklar upplýsingarnar þurfa að vera? Er munur á kröfum að þessu leyti eftir því hvort ríkissstjórn eða þingmaður á frumkvædi að málunum? Er haegt að veita meiri hlutananum meiri upplýsingar en minni hlutanum eða ber að veita öllum þingmönnum sömu upplýsingar? Hvaða afleiðingar hefur það ef upplýsingarnar reynast rangar eða villandi?

Í þessari grein verða framangreind álitefni skoðuð út frá aðstæðum héru á landi og þær að nokkru leyti bornar saman við aðstæður á öðrum Norðurlöndum. Þá verður lagt mat á hvort úrbóta sé þörf í íslenskri löggjöf um þessi atriði. Áherslan verður lögð á upplýsingaskyldu ráðherra en jafnframt vikið að upplýsingarétti alþingismanna og mögulegum takmörkunum á þeim rétti.

Sjónarhornið er fyrst og fremst af lagalegum toga og spurt hvaða réttarreglur gilda á þessu svíði. Með réttarreglum er þá átt við reglur sem eru reistar á viðteknunum réttarheimildum s.s. settum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum, réttarvenju, meginreglum laga eða eðli máls. Það einkennir einnig réttarreglur að almennt verður þeim framfylgt á einn eða annan hátt með lögformlegum úrræðum t.d. viðurlögum eða refsingum.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Sjá t.d. Eivind Smith: *Regeringens opplysningsplikt overfor Stortinget*. Oslo 1997, bls. 39-40.

## 2. UPPLÝSINGASKYlda Eða UPPLÝSINGARÉTTUR

### 2.1 Hver er munurinn?

Í upphafi er rétt að gera skýran greinarmun á upplýsingaskyldu ráðherra og upplýsingarétti þingmanna.

Með upplýsingaskyldu er átt við þær skyldur sem hvíla á ráðherra að veita Alþingi fullnægjandi upplýsingar í tengslum við mál sem þar eru til meðferðar óháð því hvort ráðherra á frumkvædi að því að veita upplýsingarnar eða þingmaður kallar eftir þeim. Tilefni þess að upplýsingunum er miðlað til þingsins getur verið af ýmsum toga svo sem fyrirriggjandi lagafrumvarp, þingsályktunartillaga, fyrirspurn eða utandagskrárumraða.

Upplýsingaréttur þingmanna snýst aftur á móti um rétt þingmanna til að krefjast upplýsinga eða skýringa frá ráðherra. Þar er átt við þau úrræði sem þingmenn hafa til að beina spurningum að ráðherrum og krefja þá svara við þeim.

### 2.2 Lagagrundvöllur upplýsingaskyldu ráðherra

Í stjórnarskránni, nr. 33/1944, eða þingsköpum, sbr. lög nr. 55/1991, er ekki fjallað almennt um upplýsingaskyldu ráðherra. Þá er í lögum um ráðherraábyrgð, nr. 4/1963, engin ákvæði er lúta að upplýsingagjöf ráðherra til Alþingis. Erfitt er því að finna vísbindar í settri löggjöf um að ráðherra sé skylt að veita Alþingi réttar upplýsingar eða að þær megi ekki vera villandi. Í lögum eru heldur engar almennar vísbindar um hversu ítarleg upplýsingagjöf hans við Alþingi þarf að vera. Álitamál er hins vegar hvort skyldur af þessu tagi megi leïða af öðrum réttarheimildum en að því verður vikið síðar. Í þessu sambandi er þó rétt að nefna að skylt er samkvæmt 1. mgr. 36. gr. þingskapa að láta fylgja hverju lagafrumvarpi greinargerð um tilgang þess og skýring á höfuðákvæðum. Þetta ákvæði er að því er virðist eina ákvæðið í löggjöfinni sem fjallar um upplýsingar til skýringar við þingmál.

### 2.3 Lagagrundvöllur upplýsingaréttar þingmanna

#### a) Almennt um lagagrundvöllum

Vikið er að upplýsingarétti þingmanna bæði í stjórnarskrá og í þingsköpum þar sem þeim er gefinn kostur á því að óska skýringa eða upplýsinga frá ráðherra með því að beina að þeim spurningum. Í 54. gr. stjórnarskráinnar segir að alþingismönnum sé heimilt, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu. Í 46. gr. þingskapa kemur svo fram að níu þingmenn geti óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni og þar er nánar

fjallað um meðferð beiðninnar. Þá er fjallað um fyrirspurnir í 49. gr. þingskapa þar sem gerðar eru ákvæðnar kröfur til hennar og málsméðferðinni lýst.<sup>2</sup> Almennt er talið að ráðherra sé skylt að veita svör við fyrirspurnum og skýrslubeiðnum sem samþykktar hafa verið. Virðist sú ályktun a.m.k. geta átt sér stod í þingskópum en meiri óvissa ríkir um hvort hún njóti stjórnarskrárvverndar.<sup>3</sup>

Þingmenn hafa nokkur ónnur úrræði til að kalla eftir skýringum eða afstöðu ráðherra í málum. Þannig geta þeir efnt til umræðu utan dagskrár samkvæmt 2. eða 3. mgr. 50. gr. þingskapa, en þá eru málefni líðandi stundar tekin fyrir hvort heldur er í formi yfirlysingar eða fyrirspurnar til ráðherra. Þá fremur eiga þeir kost að því að beina spurningum að ráðherrum í óundirbúnum fyrirspurnartíma sem að jafnaði er tvísvær í hverri viku.<sup>4</sup>

Þingnefndir geta enn fremur kallað eftir upplýsingum þó ástæða sé til að styrkja þau úrræði frekar.<sup>5</sup> Í 1. mgr. 28. gr. þingskapa er víkið að almennum heimild þingnefndna til að óska skriflegra umsagna um mál sem þau hafa til umfjöllunar auk þess sem þær geta tekið við gestum til að hlýda á mál þeirra. Í þinghléum getur þródjungur nefndarmanna enn fremur óskað eftir því að ráðherra komi á fund nefndar, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 15. gr. þingskapa.<sup>6</sup> Ástæðan fyrir þessari reglu er að í þinghléum hafa þingmenn ekki aðgang að viðkomandi ráðherra í þingsal. Með reglum forsætisnefndar um opna nefndarfundi er þingnefndum enn fremur gert kleift að taka á móti ráðherra, forstöðumönnum sjálfstæðra stjórnvalda og fulltrúum hagsmunaaðila á opnum fundi í því skyni að afla upplýsinga eða skýringa á tilteknu máli.<sup>7</sup>

2 Að meðaltali um fjórar skýrslubeiðnir eru samþykktar á Alþingi á hverju ári og fatitt er að skýrslur séu teknar til umræðu. Fyrirspurnir eru aftur á móti mun algengari, á milli 300 og 440 á hverju reglulegu löggjafarþingi, enda nægir að einn þingmáður leggi fram fyrirspurn og forseti samþykki hans. Að auki eiga þingmenn kost að því að leggja spurningar fyrir ráðherra í óundirbúnum fyrirspurnartíma sem er á dagskrá þingsins í allt að hálftíma tvísvær í hverri viku. Sjá nánar *Eftirlit Alþingis með frankvaemdardældinu. Skýrsla vinnumáps sem forsætisnefnd fóð af fara sín miðilandi ligareglar um eftirlit þingsins með frankvaemdarvaldini og leggja mat að hvort breytinga sé þórf.* Reykjavík 2009, bls. 125-154.

3 Sjá *Eftirlit Alþingis með frankvaemdarvaldini*, bls. 129.

4 Sjá nánar *Eftirlit Alþingis með frankvaemdarvaldini*, bls. 150-152 og 154-155.

5 Vikið er að upplýsingaöflur þingnefndra í *Eftirlit Alþingis með frankvaemdarvaldini*, bls. 159-163, en þær er bent að nokkur atriði sem ástæða til að bæta úr að þessu leyti.

6 Þetta úrræði var nýmæli sem kom inn í þingskóp í árslok 2007 (lög nr. 161/2007). Athyglisvert er að í stað þess að byggja á því að meiri hlutinn hafi ákvörðunarvald um málsméðferðina er minni hlutanum hér veit heimild til að óska eftir að ráðherra komi á fund nefndarinnar. Þetta er án efa til marks um aukna áherslu á að tryggja stjórnarandstöðunnini möguleika á að raskja eftirlitslutfverk sitt betur. Sjá nánar Alþ. 2007-2008, A-deild, bls. 1966 (þskj. 333, 293. mál).

7 Sjá umfjöllum um opna nefndarfundi í *Eftirlit Alþingis með frankvaemdarvaldini*, bls. 160 og 175-176.

## b) *Upplýsingarétturinn og rannsóknarskylda ráðherra*

Annað mál er hins vegar hversu ríkar skyldur verða lagðar á ráðherra og ráðuneyti hans við að undirbúa svör og leggja þau fyrir Alþingi. Ólíklegt er að í 54. gr. stjórnarskrárinna og umræddum ákvæðum þingskapa felist krafra um að halda uppi rannsóknarþjónustu fyrir þingmenn. Þetta á sérstaklega við um fyrirspurnir en samkvæmt 49. gr. þingskapa skal miða við að haegt sé að svara þeim í stuttu mál. Þá er ráðherrum settur fremur þróngur tímafrestur til að svara fyrirspurnum. Ef þingmaður óskar eftir munnelegu svari er að jafnaði miðað við að svarið skuli tekið á dagskrá ekki síðar en áttu virkum dögum eftir að fyrirspurninni var útbýtt. Þetta setur svörum við fyrirspurnum ákvæðnar skorðum. Almennt er t.d. litid svo að ekki sé unnt að fara fram á úttekt á réttarreglum á tilteknu svíði með fyrirspurn.

Þá verður fyrirspurn að vera um afmarkað atriði sem ráðherra ber ábyrgð á, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 49. gr. þingskapa. Þessi krafa viðar annars vegar til málefnailegrar verkaskiptingar milli ráðherra og ráðuneyta<sup>8</sup> og hins vegar til þess að ráðherra verður að hafa einhverjar stjórnunar- eða eftirlitsheimildir á því svíði sem fyrirspurnin lýtur að.<sup>9</sup> Tilgangur fyrirspurna er að þingmenn geti kallað eftir upplýsingum og/eða afstöðu ráðherra til málefna sem hann ber ábyrgð á. Fyrirspurna á því almennt að beinast að atriði sem ætla má að viðkomandi ráðuneyti eða undirstofnum þess búi yfir vitneskjum og beri með einhverjum haetti ábyrgð á.

Samkvæmt 2. mgr. 46. gr. þingskapa er ráðherra gefinn mun lengri tími til að svara skýrslubeiðnum en henni skal lokið innan tíu vikna. Þetta úrræði er því nærtækara ef málefnið kallar að umfangsmeiri gagnaðslun og rannsóknarvinnu en reglur um fyrirspurnir leyfa. Skýrslubeiðnir hafa t.d. beinst að aðstæðum og kjörum ákvæðinna þjóðfélagshópa eða atvinnugreina svo og sögulegum rannsóknnum á stjórnarframkvæmd á ákvæðnu tímatíma. Þá hefur með skýrslubeiðnum verið óskað eftir úttekt á tilteknun svíðum eða réttarstöðu ákvæðinna þjóðfélagshópa.<sup>10</sup> Þannig er ljóst að með þessu úrræði er unnt að leggja meiri rannsóknarskyldur á ráðherrann en með fyrirspurn. Það er og eðlilegt þegar litid er til þess að níu þingmenn þurfa að leggja fram tillögu um skýrslubeiðni og samþykki meiri hluta þingsins er krafist.

8 Sbr. 4., 5. og 8. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 177/2007.

9 Sjá umfjöllun um stjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra í *Starfsskilyrði stjórnvalda. Skýrsla nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnusýslu. Forsætisráðuneytið*, Reykjavík 1999, bls. 79-91 og Ásmundur Helgason og Ómar H. Kristmundsson, *Stjórnarráð Íslands 1964-2004. Skýrslugag og starfsháttir*, 1. bindi, Reykjavík 2004, bls. 380-388.

10 Sjá nánar *Eftirlit Alþingis með frankvaemdarvaldini*, bls. 153.

### c) Opinbert málefni

Óskir þingmanna samkvæmt 54. gr. stjórnarskráinnar um svör eða skýrslur verða að lúta að opinberu málefni. Þessi áskilnaður er áréttadur í 46. gr. og 49. gr. þingskapa. Ekki er hins vegar útskýrt í þingskópum hvað átt er við með opinberu málefni. Fraðimenn hafa aftur á móti gert tilraunir til að setja fram almenna afmörkun á þessum hugtökum. Í álitsgerð Stefáns Máss Stefánssonar professors um aðgang að upplýsingum um hlutafélög í eigu ríkisins frá 1997 er í fyrstu leitast við að afmarka hugtökum tiltlulega rúmt. Í álitsgerðinni segir: „Í sjálfa sér eru líkur á því fyrirfram að öll málefni sem stjórnvöld fara með séu opinber málefni þegar þau framkvæma skyldustörf sín lögum samkvæmt.“<sup>11</sup> Aftur á móti er þar talið að ýmsar undantekningar séu á þessari almennu afmörkun sem í raun þrengi umtalsvert upplýsingarétt þingmanna jafnvel þótt málid ætti að falla undir hina almennu afmörkun. Í grunnum byggir þessi afmörkun á aðgreiningu milli opinberra málefna og einkamálefna. Ráðherra verður með öðrum orðum aðeins gert að upplýsa Alþingi um atriði sem lúta að starfsemi hins opinbera, en ekki um einkamálefni sín eða annarra einstaklinga eða fyrirtækja.

Hliðstæð skilgreining kemur fram í grein eftir Ágúst Geir Ágústsson lögfræðing frá árinu 2002. Hann telur að skilgreina eigi opinbert málefni vitt og álitur að „öll málefni sem um er fjallað af stjórnvöldum og öðrum sem veitt hefur verið opinbert vald“ séu opinber í þessum skilningi.<sup>12</sup> Sem rök fyrir þessari viðu skilgreiningu víssar hann til stöðu Alþingis sem aðstu stofnunar íslenska ríkisins og 54. gr. stjórnarskráinnar. Þó er í greininni talið að ráðherra sé hvorki skylt né heldur heimilt að veita allar upplýsingar um þau málefni sem teljast opinber eins og nánar verður viðið að í næsta kafla.

Í framkvæmd hefur fyrirspurnum og skýrslubeiðnum verið svarað um hvert það atriði sem tengist beint eða óbeint hlutverki og starfsemi ríkisins og stofnana þess þar á meðal stefnumörkun ríkisins á ákveðnum svíðum. Fátt er að því sé boríð við að ekki sé um opinbert málefni að tefla og ýmis dæmi um að spurt sé út í atriði sem kalla að upplýsingaðslun frá öðrum en opinberum aðilum.<sup>13</sup> Almennt virðast ráðuneyti leitast við að verða við slíkum beiðnum þó að heimtur á svórum geti verið misjafnar og ráðherra verði tæplega láttinn bera ábyrgð á upplýsingum sem stafa frá öðrum en þeim sem hann ber ábyrgð á.<sup>14</sup> Með hliðsjón af þessari framkvæmd má fallast

11 Alþt. 1997-1998, A-deild, bls. 566 (þskj. 25, 25. mál).

12 Ágúst Geir Ágústsson: „Upplýsingaréttur alþingismanna“. *Lögmannablaðið* 2002, bls. 29.

13 Nylegt dæmi er fyrirspurn um 138. löggjafarþingi, sbr. Alþt. 2008-2009, A-deild, þskj. 145 og 300 – 322. mál, þar sem spurt var út í íslenskt sjónvarpsefni og kvíkmyndagerð.

14 Sjá t.d. Alþt. 2004-2005, A-deild, bls. 3943 og 4705 (þskj. 828 og 1000, 549. mál).

á að rétt sé að leggja nokkuð viðtækan skilningi í hugtakið opinbert málefni. En þá jafnframt haft í huga að það er hlutverk þingmanna að móta sér afstöðu í hagsmunamálum samfélagsins í viðum skilningi og veita ráðherrum aðhald og eftirlit á grundvelli þingræðis-regunnar og 14. gr. stjórnarskráinnar.

Samkvæmt þessu verður einnig að telja eðlilegt að byggja skilgreininguna á aðgreiningu milli opinberra málefna og einkamálefna. Það er almennt ekki hlutverk Alþingis að fylgjast með aðstæðum og háttmeini einstaklinga og einkafyrirtækja. Einkalíf ráðherra og flokksþólitiskt starf hans svo og einkamálefni embættismanna heyrir því almennt ekki undir upplýsingarétt Alþingis. Þó getur stundum reynst vandasamt að greina á milli þess hvenær ráðherra kemur fram í eigin persónu, sem stjórnsmálamaður eða í krafti stöðu sinnar sem ráðherra.<sup>15</sup> Þessi aðgreining er að sér aftur á móti samsvörum í 14. gr. stjórnarskráinnar og ráðherraábyrgðarlögunum þar sem ráðherra ber að eins ábyrgð á „stjórnarathöfnum“ og „embættisathöfnum“ en t.d. ekki á störfum sínum að stjórnmalum almennt.

Helst hefur reynt á túlkun á hugtakinu opinbert málefni þegar þingmenn hafa óskað upplýsinga um rekstur og starfsemi hlutafélaga í eigu ríkisins. Álitsgerð Stefáns Máss Stefánssonar, sem áður er getið, var samin í tilefni af slíkri fyrirspurn þar sem ráðherra neit-að að veita upplýsingar um launakjör aðstu yfirmanna Þósts og síma hf. Í álitinu var lögð áhersla á að með því að fára starfsemina í hlutafélagsform yrði félagið sérstakur „einkaréttarlegur aðili að lögum“ sem hefði „sérstaka viðskiptavernd lögum samkvæmt“. Ekki var þó staðhæft að fyrirspumin lyti ekki að opinberu málefni heldur talið að ráðherra, sem faari með eignaraðild rikissjóðs í félaginu, væri bundinn „vissri trúnaðarskyldu“ við það og maetti ekki miðla vitneskjú sem hann hefði yfir að ráða eða gæti aflað í krafti stöðu sinnar ef það „skaðaði hagsmuni félagsins“. Því yrði honum ekki gert að upplýsa Alþingi um slík atriði varðandi starfsemi félagsins.<sup>16</sup> Til þessarar álitsgerðar hefur nokkrum sinnum verið vísað þegar alþingismenn beina fyrirspurn til ráðherra um hlutafélög í eigu ríkisins og því hafnað að veita upplýsingar af því að ekki sé um opinbert málefni að raða.<sup>17</sup> Um þá afstöðu má deila og sennilega tímabært að setja reglur í þingskóp sem skýra hvar mörk in liggja.<sup>18</sup>

15 Sjá til hliðsjónar Fredrik Sejersted: *Kontroll og konstitusjon. Statsrettlige studier av Stortingets kontrollvirksomhet*. Oslo 1997, bls. 817-822.

16 Alþt. 1997-1998, A-deild, bls. 575 (þskj. 25, 25. mál).

17 Sjá t.d. Alþt. 1997-1998, A-deild, bls. 622 (þskj. 49, 49. mál). – Alþt. 1997-1998, B-deild, bls. 928-929 (5. nóv. 1997). – Alþt. 2000-2002, A-deild, bls. 2905 og 316 (þskj. 680 og 765, 419. mál).

18 Sjá *Eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu*, bls. 135-136.

Aftur á móti er erfitt að setja fram almenna skilgreiningu á opinberum málefnum sem nær yfir öll þau atriði sem talið hefur verið að spyra megi ráðherra um og ráðherrar hafa svarað. Það helgast m.a. að því að í vafatilvikum er látið á það reyna hvort ráðherra vilji svara og algengt að þeir leggi sig fram um að veita umbeðnar upplýsingar ar án þess að nokkurt mat sé lagt á það hvort um opinbert málefni sé að ræða.<sup>19</sup> Það á einkum við ef ekki er spurt út í viðkvæm pólitískt atriði. Eftir sem áður eðlilegt að leitast sé við að láta almenna afmörkun samrýmast venjulegri framkvæmd þó að finna megi einhver dæmi um fyrirspurnir sem myndu falla utan hennar. Hér verður því haldið fram að rétt sé að skilgreina opinbert málefni sem sérhvert atriði sem tengist hlutverki eða starfsemi ríkisins. Með því er ekki útilokað að upplýsingarnar geti varðað aðra aðila eins og sveitarfélög, félög í opinberri eigu eða jafnvel einkaðila enda geti slíkar upplýsingar verið grundvöllur almennrar stefnumörkunar eða aðgerða ríkisins á tiltekrum svíði. Jafnfram er ljóst að þetta úrræði veitir ekki rétt til miðlunar upplýsinga um einkamálefni ef það tengist ekki hlutverki eða starfsemi ríkisins.

#### d) Undantekningar frá upplýsingarétti

Hvorki í stjórnarskránni né í þingsskópum er vikið að undantekningum frá upplýsingarétti alþingismanna. Almennt virðist þó liðið svo á að alþingismenn eigi ekki takmarkalausn rétt til upplýsinga frá ráðherra þó að málefnið teljist opinbert í skilningi 54. gr. stjórnarskráinnar. Þegar hefur verið vísað til umfjöllunar í álitsgerð Stefáns Máss þar sem komist var að þeiri umdeilanlegu niðurstöðu að ráðherra megi ekki upplýsa alþingismenn um starfsemi félags í eigu ríkisins ef það skaðar hagsmuni félagsins. Þá er algengt að vísað sé til friðhelgi einkalífs, upplýsingalaga og þagnarskyldureglina í þessu sambandi. Pannig hefur verið bent á að ákvæði 71. gr. stjórnarskráinnar um friðhelgi einkalífs „setji veigamiklar skorður við því hvaða upplýsingar er heimilt að veita“.<sup>20</sup> Þá hefur verið talið að hafa megi hliðsjan af því hvort það fari „ibága við hagsmuni ríkisins“ að leggja upplýsingarnar fram og að óheimilt sé að veita „á opnum þingfundum“ upplýsingar sem „lögbundin þagnarskylda ríkir um“.<sup>21</sup> Enn fremur hefur því verið haldið fram að eðlilegt sé að líta til upplýsingalaga við túlkun á þessum takmörkunum. Áhersla er þó lögð á að aðgangur alþingismanna að upplýsingum um opinber málefni ráðist ekki af þeim heldur byggist á sjálftæðri heimild í stjórnarskránni.<sup>22</sup>

19 Sjá *Eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu*, bls. 148-149.

20 Águst Geir Ágústsson, „Upplýsingaréttur alþingismanna“, bls. 29-30.

21 *Starfsskilyrði stjórnvalda*, bls. 107.

22 *Starfsskilyrði stjórnvalda*, bls. 107; Eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu, bls. 136-143. Áeinst Geir Ágústsson: „Upplýsingaréttur alþingismanna“, bls. 30.

Rétt er að taka fram að þessar takmarkanir virðast að verulegu leyti helgast af því að svör við fyrirsprungum og skyrslur frá ráðherrum eru birtar opinberlega í Alþingistíðindum og á vef Alþingis og umræða í þingsal fer fram í heyrandu hljóði. Ráðherra verður ekki með vísan til upplýsingaréttar alþingismanna gert skylt að upplýsa allan almenning um atriði sem eiga samkvæmt þagnarskyldureglum að fara leynt. Sama á almennt við um upplýsingar sem falla undir undantekningarárreglugrupper upplýsingalaga enda sé takmörkunin reist á málefnumalegu mati út frá fyrirmælu 4. til 6. gr. upplýsingalaga og afstaða tekin til þess hvort ástæða sé til að veita aðgang samkvæmt 3. mgr. 3. gr. sömu laga.

Ef upplýsingagjöf ráðherra er aftur á móti felld í annan farveg innan þingsins, þar sem þess er gætt að trúnaðarupplýsingar berist ekki til óviðkomandi og reglur settar um þagnarskyldu alþingismanna, kunna forsendur að breytast. Rétt er að taka fram að á öðrum Norðurlöndum eru í lögum fyrirmæli um þagnarskyldu þingmanna þó að framsetning þeirra sé mismunandi.<sup>23</sup> Sérstök áhersla er þar lögð á þagnarskyldu um trúnaðarupplýsingar sem lagðar eru fyrir þingnefndir enda fer slík upplýsingagjöf jafnan fram þar. Hér á landi eru ekki í gildi samþærilegar reglur. Einungis er kveðið á um þagnarskyldu í starfi utanríkismálanefndar, sbr. 24. gr. þingskapa, auk þess sem nefndarmenn í fjárlaganefnd eru bundnir þagnarskyldu um upplýsingar sem Ríkisendurskoðun leggur fyrir hana ef ríkisendurskoðandi ákveður svo, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun.<sup>24</sup>

Bó að þinginu yrði með lagabreytingum gert kleift að taka við trúnaðarupplýsingum er ekki sjálfgefið að þingmenn eigi að hafa óhindaðan aðgang að öllum upplýsingum. Lögmætar ástæður geta verið fyrir því að ráðherra haldi ákveðnum upplýsingum fra Alþingi án þess að hann teljist brjóta gegn upplýsingarétti þess. Þetta á serstaklega við um upplýsingar sem falla undir ýmis sérákvæði laga um þagnarskyldu sem ýmist hafa áhrif á túlkun 5. gr. upplýsingalaga eða ganga framar lögnum.<sup>25</sup>

Með breyttum forsendum gefst hins vegar færí að skoða álitaefnið út frá örðru sjónarhorni. Í stað þess að horfa til þess hvort rétt-

23 Sjá 60. gr. norsku þingskapannu, 7. mgr. 8. gr. dönsku þingskapannu, gr. 2.4 og 4.17 í sensku þingsskópum og 50. gr. finnsku stjórnarskráinnar.

24 Sbr. lög nr. 56/2009 en það gildi í apríl 2009.

25 Sérákvæði laga um þagnarskyldu sérgeina þær upplýsingar sem eiga að fara leynt og geta gengið framar aðgangsrétti samkvæmt upplýsingalögum. Yfirlit er slikum ákvæðum þó að lað að vernda hliðstæða hagsmuni og 5. gr. upplýsingalaga, þ.e. upplýsingar um einkamæfni, þ.m.t. fjárhagsmálefni einstaklinga, og upplýsingar sem varða mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni fyrirteka. Þagnarskylduákvæði af þessu tagi koma til fyllingar við það mat sem fram fer að grundvelli 5. gr. upplýsingalaga. Sjá Alþ. 1995-1996, bls. 3015-3016 (þskj. 630, 361, mál).

mætt sé að halda upplýsingunum leyndum fyrir almenningi gæti aðgangurinn ráðist af hagsmunamati þar sem athugað er hversu mikla þýðingu upplýsingarnar hafa fyrir hlutverk og störf þingsins.<sup>26</sup> Hafi upplýsingarnar, sem eiga almennt að fara leynt, að geyma veigamikla ástæðu fyrir tillögum sem ríkisstjórnin leggur fyrir Alþingi ætti meginreglan t.d. að vera sú að þingmenn geti kallað eftir þeim til þess að geta tekið afstöðu til þess hvort samþykkja eigi tillöguna. Sama á almennt við ef upplýsingarnar hafa verulega þýðingu fyrir athugun þingsins eða þingnefndar að því hvort tilefni sé til að gagnrýna embættisstörf ráðherra. Annað kann að vera upp á teningnum ef með fyrirspurn er óskað upplýsinga sem eru háðar þagnarskyldu án þess að upplýsingaöflunin tengist fyrirliggjandi mál.

Fleiri lögmætar ástæður geta verið fyrir því að leggja ekki til-teknar upplýsingar eða gögn fyrir Alþingi. Í Noregi hefur t.d. verið talið að Stórbingsið geti ekki krafist aðgangs að þeim skjólum sem tekin hafa verið saman fyrir ríkisstjórnarfundi (R-notater). Sú afstaða er reist á því sjónarmið að ríkisstjórnin þurfir að hafa frið til að fjalla innbyrðis um ólík sjónarmið um stefnumál sín.<sup>27</sup> Þessi afstaða hefur þó sætt gagnrýni og rök verið færð fyrir því að Stórbingsið geti tekið annan pól í hædina.<sup>28</sup> Óvissa ríkir einnig um aðgang Stórbingsins að vinnuskjólum stjórnvalda (interne dokumenter) eins og minnisblöðum sem starfsmenn ráðuneytanna taku saman fyrir ráðherra. Þar hefur verið bent að eftirlit þingsins beinist almennt ekki að ráðgjöf embættismanna eða vinnu þeirra heldur að embættisstörfum ráðherra enda ber hann ein ábyrgð á stjórnarathöfnum gagnvart þinginu. Hann á því almennt ekki að geta skellt skuldinni á mistök undirmanna sinna auðk þess sem óheppilegt sé að embættismenn séu gagnrýndir milliliðalaust á vettvangi stjórnmála Anna enda hafa þeir enga aðstöðu til að koma þar á framfæri skýringum sínum eða athugasemdu. Því sé almennt ekki ástæða til að þingið kalli

26 Þessi nálgun á sér hlíðstæðu i Danmörku sbr. John Vogter og Jens Erik Staubsell: „Távhedspligt over for Folketinget“, *firsten* 1999, bls. 364-365. Í Noregi byggist upplýsingaskylda ráðherra á stjórnarskránni og nær til allra upplýsinga sem hafa verulega þýðingu fyrir mat Stórbingsins á tilteknu mál. Samá á við um upplýsingarétt þingmanna (innsynsrett) samkvæmt f-lið 75. gr. stjórnarskrárinna. Þar sem um stjórnarskráreglur er að ræða ganga þær framar þagnarskyldureglum og þær geta því ekki takmarkað upplýsingaskylduna og rétt þingmanna. Ef ráðherra er á annað bord skylt að leggja upplýsingar fyrir þingið felur það því ekki í sér brot að þagnarskyldu ef hann veitir þinginu upplýsingarnar. Sjá Fredrik Sejersted: *Kontroll og konstitusjon*, bls. 740-741, 862-863 og 867-868. Eivind Smith nálgast þetta viðfangseftir með nokkuð örðrum hætti en kemst að hlíðstæðum niðurstöðum, sbr. Eivind Smith: *Regeringens opplysningsplikt overfor Stortinget*, bls. 181-191.

27 Eivind Smith: *Regeringens opplysningsplikt*, bls. 208. Sómu sjónarmið liggja til grundvallar 1. tölul. 4. gr. íslenski upplýsingalaganna þar sem segir að réttur almennings til aðgangs að gögnum nái ekki til fundargerða ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreina á ráðherrafundum og skjala sem tekin hafa verið saman fyrir slika fundi.

28 Fredrik Sejersted: *Kontroll og konstitusjon*, bls. 836-839

eftir upplýsingum um þessi atriði eða fari fram á aðgang að vinnuskjólum stjórnvalda. Jafnframt hefur verið bent að það geti haft skaðleg áhrif á samband embættismanna við ráðherra og þá ráðgjöf sem hann fær ef þingið getur kallað eftir þessum gögnum. Ráðherra kann að verða tregari að leita eftir ráðgjöf og embættismennirnir varkárari við að tjá honum afstöðu sína.<sup>29</sup>

Hér á landi hefur ekki verið fjallað um þessi atriði í lögum eða á vettvangi lögfreðinnar. Aftur á móti var á Alþingi árið 2001 tekist a um hvort þingmenn gætu fengið upplýsingar um efnin minnisblaðs sem starfshópur ríkisstjórnarinnar samdi um viðbrögð við dómi Hæstaréttar í Öryrkjamálinu svokallaða. Forsætisráðherra vísaði þar til þess að minnisblaðið hefði verið tekið saman fyrir fund ríkisstjórnarinnar um málið og benti að í stjórnslulögum og upplýsingalögum hefði verið talin ástæða til að verja gögn, sem tekin væru saman fyrir slika fundi, fyrir aðgangi annarra til að skapa frið um þá umræðu sem fram færí a vettvangi ríkisstjórnarinnar. Rétt væri að túlka inntak upplýsingaréttar Alþingis með hliðsjón af því. Að öðrum kosti væri grafið undan þeirri vernd sem þingið hefði sjálf fest í lög. Í niðurlagi a svari ráðherra sagði síðan orðrétt:

Þegar til þess er liðið að Alþingi hefur þegar verið gerð grein fyrir efnin minnisblaðs þessa í öllum meginatriðum og ríkisstjórnin hefur lagt fyrir Alþingi öll nauðsynleg gögn til að upplýst umræða geti farið fram um viðbrögð við dómi Hæstaréttar frá 19. desember sl. verða í ljósí pessarar niðurstöðu ráðuneytisins sem staðfest hefur verið á kerustigi, og með skirkotun til þeirra sjónarmiða sem rakin eru hérlað framan ekki veittar frekara upplýsingar um efnin umrædds minnisblaðs en þegar hafa komið fram.<sup>30</sup>

Samkvæmt þessu var afstaða forsætisráðherra ekki aðeins reist á því að umrætt minnisblað væri undanþegið upplýsingarétti heldur einnig að þegar hefðu verið veittar fullnægjandi upplýsingar til að umræða gæti farið fram um málið á Alþingi. Þetta gefur ákvæðna vísbindingu um að aðgangur Alþingis að vinningögnum stjórnvalda sé ekki útlokaður. Hann verði hins vegar að meta m.a. í ljósí þess hvort nauðsynlegt sé að verða við beiðni um að leggja upplýsingar fram til að þingið geti fjallað um málið og tekið afstöðu í því.

### 3. UMFJÖLLUN UM UPPLÝSINGASKYLDU Í ÍSLENSKUM STJÓRN SKIPUNARRÉTTI

Í allri þessari umfjöllun virðist gengið út frá því að upplýsingaskylda af einhverju tagi hvíli á ráðherrum gagnvart Alþingi. Sú skylda er

29 Fredrik Sejersted: *Kontroll og konstitusjon*, bls. 843-856; Eivind Smith: *Regeringens opplysningsplikt*, bls. 195-198 og 209.

30 Alþ. 2000-2001, A-deild, bls. 3876 (þskj. 904, 476. mál).

hins vegar fyrst og fremst sett í samhengi við upplýsingarétt þingmanna. Ráðherra beri með öðrum orðum að svara spurningum þingmanna með viðhlítandi hetti án undanbragða. Sumir telja að þessa skyldu þurfi að skoða í ljósi eðli hinnar pólitísku umræðu sem fram fer í þingsalnum. Bryndís Hlöðversdóttir bendir t.d. á að beiðni þingmanna um upplýsingar frá ráðherra sé „oft liður í pólitísku spili“ og virðist að nokkru leyti fallast að það geti sett mark sitt á svar ráðherrans. En þar sem upplýsingar frá ráðherra eru jafnframt „nauðsynlegur grundvöllur þess að þingið geti sinnt sínu lýðræðislega eftirlitshlutverki með framkvæmdarvaldinu“ má ætla að þetta sjónarmið geti ekki réttlætt villandi eða röng svör af hálfu ráðherra.<sup>31</sup>

Hvað sem þessum vangaveltum líður er ljóst að í fræðilegri umræðu hefur ekki verið komist að ákveðinni niðurstöðu um umfang og inntak upplýsingaskyltu ráðherra við Alþingi. Engin alvarleg tilraun hefur a.m.k. verið gerð til að setja fram almenn sjónarmið um hvar mörkin liggja í þessu efni. Þetta er í sjálfu sér eðlilegt þegar haft er í huga að í löggjöf er ekki finna vísbendingar um það atriði. Þá virðist ákveðinnar tilhneigingar gæta hér á landi að lita á samskipti þings og ráðherra fyrst og fremst í pólitísku ljósi en ekki lagalegu eins og nánar verður vikið að í næsta kafla.

#### 4. FRUMVÖRP UM UPPLÝSINGASKYLDU RÁÐHERRA

Árið 1993 lagði Páll Pétursson, þingmaður Framsóknarflokksins, fram frumvarp til breytinga á lögum um ráðherraábyrgð þar sem lagt var til að það varðaði ráðherra refsingu gæfi hann Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða leyndi þinginu upplýsingum sem hefðu verulega þýðingu við meðferð á máli á Alþingi. Í greinargerð kom fram að tillagan væri reist á sams konar ákvæði í dönsku ráðherraábyrgðarlögum. Bent var á að röng upplýsingagjöf eða villandi upplýsingar leiddu til óvandaðrar meðferðar mála og orsakaði „fullkominnu trúnaðarbrest“ milli Alþingis og ráðherra.<sup>32</sup>

Í umræðunni um málið var því velt upp hvers eðlis þessi upplýsingaskylda væri og hvort það væri nægilegt að ráðherra sætti pólitískri ábyrgð ef meiri hlutinn teldi hann vera að bregðast að þessu leyti. Försætisráðherra, Davíð Oddsson, gaf tóninn með því að minna á að ráðherrar geti „orðið að lúta pólitískri ábyrgð“. Yrðu þeir „margott uppvísir að því að fara rangt með og vera ósannorðir mjög þá mundi menn ekki fýsa að styðja þá“.<sup>33</sup> Björn Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokkssins, tók upp þráðin og hélt því fram að hér væri um pólitískt málefni að ræða „sem á kannski alls ekki

31 Bryndís Hlöðversdóttir: „Eftirlits- og rannsóknarlutverk Alþingis“, bls. 81.

32 Alþt. 1992-1993, A-deild, bls. 3716 (pskj. 621, 342, mál).

33 Alþt. 1992-1993, B-deild, bls. 8190 (31. mars 1993).

heima í lögum um ráðherraábyrgð eins og þau eru“.<sup>34</sup> Frumvarpinu var vísað til allsherjarnefndar en nefndaralit kom ekki.

Fjórum árum síðar (122. löggjafarþing) lögðu þrír þingmenn stjórnarstöðunnar fram samhljóða frumvarpi.<sup>35</sup> Það hlaut sömu örlog og fyrra frumvarpið, því var vísað til allsherjarnefndar en nefndaralit kom ekki. Frumvarpið var endurflutt á 126. löggjafarþingi en ekki náiðist heldur að ljúka umfjöllun allsherjarnefndar um það.<sup>36</sup>

Það er sammerkt með tillögnum og ábendingum Eiríks Tómas-sonar að leitað er fyrirmunda í dönsku ráðherraábyrgðalögum. Það kann að vera ein af ástæðunum fyrir því að tillögurnar hlutu ekki hljómgrunn. Ráðherraábyrgðalöggin eru í eðli sínu refsilöggið. Hætta er á því að þingmenn stjórnarmeirihlutans þyki ekki fysilegt að samþykka tillögum sem tengir upplýsingaskyltu ráðherra við mögulega refsiábyrgð. Svar meiri hlutans er að benda á hina pólitískri ábyrgð og að þingið eigi útkljá pólitískan ágreining með pólitískri umræðu, ekki með því að draga ráðherra til lagalegrar ábyrgðar. Í umræðunni komu ekki fram vísbendingar um að þingmenn teldu að lagaleg upplýsingaskylda hvíldi á ráðherra á ólögfestum grundvelli.

#### 5. HVÍLIR UPPLÝSINGASKYLDA Á RÁÐHERRA Á ÓLÖGFESTUM GRUNDVELLI?

Út frá síðferðislegu sjónarhorni orkar það ávallt tvímaelis að reyna að fá aðra til að samþykka eða hafna einhverju á forsendum sem maður veit að eru ófullnægjandi eða rangar. Þessi síðferðisregla kemur fram í löggjöf á ýmsum svíðum, einkum í tilvikum þegar svíksamleg háttsemi getur valdið tjóni eða miðar að því að afla mónumnum gæða sem þeir eiga ekki tilkast til. Slík háttsemi er í ýmsum tilvikum refsiverð og varðar við almenn hegningarlög.<sup>37</sup> Samningsar sem komið er á með svíkum eru enn fremur ógildanlegir, sbr. 29. gr. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda lögginga, og röng upplýsingagjöf í viðskiptum getur veitt kaupanda rétt til að beita vanefndaúrræðum gegn seljanda.<sup>38</sup> Röng upplýsingagjöf

34 Alþt. 1992-1993, B-deild, bls. 8192 (31. mars 1993). Sjá enn fremur Alþt. 1992-1993, B-deild, bls. 9399 (27. apríl 1993) þar sem Björn Bjarnason lýsti því yfir að hann hefði fyllst meiri efasendum um að frumvarpið setti rétt á sér „sérstaklega þetta ákvæði um rangar upplýsingar eða osannundi hér í þingsalnum af hálfu ráðherra. Þeg held að það sé einmitt það sem mennt verði helst að deila um og takast á um á hinum pólitísku vettvangi og hér í þessum sal sé sá vettvangur og þingmenn eigi ekki að skjóta því máli til annarra.“

35 Alþt. 1997-1998, A-deild, bls. 853-855 (pskj. 96, 96, mál).

36 Alþt. 2000-2001, A-deild, bls. 3425-3426 (pskj. 821, 525, mál).

37 Sjá t.d. 3. tölu. 103. gr. 155. gr. 185. gr. 248. gr. og 250. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

38 Sjá m.a. 27. gr. og 37. gr. laga nr. 40/2002, um fasteignakaup, 17. gr. og 30. gr. laga nr. 50/2000, um lausatjárkaup og 16. og 26. gr. laga nr. 48/2003, um neytendakaup.

fyrir dómi er almennt einnig refsiverð, sbr. XV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Síðu rangar upplýsingar lagðar fyrir stjórvöld varðar það oft einnig viðurlögum.<sup>39</sup>

Í öllum þessum tilvikum er við sett lög að styðjast. Beiti maður blekkingum eða lygum í öðrum tilvikum felur það oftast ekki í sér réttarbrot þó að það sé jafnan síðerðislega rangt. Þó er ekki hægt að útitloka að röng og ófullnægjandi upplýsingagjöf geti verið ólögmæt þó að ekki sé við sett lög að styðjast enda kunna slíkar lagakröfur að byggjast á ólögfestum grundvelli.

Stjórmál og stjórnskipan ríkisins eru svið sem eru lögbundin að nokkuð leyti. Að öðru leyti markast stjórnálin af pólitískum aðstæðum, hefðum og venjum. Ákvæðanir um tiltekin atriði geta vissulega tekið á sig reglubundið mynstur sem fylgt er í þeiri trú að þannig eigi að leysa úr málum. Þar með geta myndast réttarvenjur á þessum vettvangi sem eru lagalega bindandi.<sup>40</sup> Það er þó engan veginn sjálfgefið og eðlilegt að fara varlega við að fullyrða að tiltekin framkvæmd hafi lagalega bindandi þýðingu. Samt á við þegar hugað er að því hvort regla geti átt stoð í meginreglum laga eða eðli máls.<sup>41</sup>

Það flækir lagalega greiningu á samskiptum þings og ráðherra að þau samskipti einkennast að mörgu leyti meira af ýmsum óskráðum, pólitískum samskiptareglum en réttarreglum.<sup>42</sup> Af umræðunni á hinum pólitísku vettvangi hefur einnig mátt greina ákvæðna tilhneigingu til að líta á þessi samskipti fyrst og fremst í pólitísku ljósi og áhersla lögð að að pólitískt aðhald á grundvelli þingrædisreglunnar veiti næga tryggingu fyrir því að ráðherrar komi fram af virðingu við þingið og í samræmi við vilja þess, sbr. kafli 4.

Alþingi er lýðrædislegur vettvangur þjóðkjörinna fulltrúa sem hefur það hlutverk að fjalla um sameiginleg hagsmunamál samfélagsins. Á þessu byggist íslensk stjórnskipan. Ljóst er að röng, villandi eða ónóg upplýsingagjöf til Alþingis getur haft áhrif á nið-

39. Sjá t.d. IX. kafla og 108. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og 59. gr. og 60. gr. laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar.

40. Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 36-38. – Henrik Zahle: *Dansk forfatningsret I. Institutioner og regulerig*. 3. útg. Kaupmannahofn 2007, bls. 51-56.

41. Í Stjórnskipunarrétti eftir Gunnar G. Schram er talið að það geti reynt á svonefnarar meginreglur laga og eðli máls á sviði stjórnskipunarréttar sem annars staðar. Sjá Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 40. Henrik Zahle getur þess en fremur að „forholds natur“ sem réttarheimild geti ytt undir frjálslegra mat á efnahagslegum, pólitískum og menningarlegum þáttum, það geti haft þýðingu á sviði stjórnskipunarréttar. Sjá Henrik Zahle: *Dansk forfatningsret I*, bls. 56-57.

42. Í Fredrik Sejersted: *Kontroll og konstitusjon*, bls. 43-50 er vikið að að greiningu og samspili lagalegra og pólitískra samskiptareglna (norm), skilgreiningu þeirra síðarnefndu og þýðingu þeirra í umfjölinum um eftirlit Stórbjórgsins með handhöfum framkvæmdarvaldsins. Í sama riti á bls. 683-688 er síðan vikið að því hvort upplýsingaskylda ráðherra sé reist að pólitískum eða lagalegum grunni og mismunandi astöðu manna til þess.

urstöðu mála og þannig grafið undan þeim lýðrædislegu forsendum sem stjórnskipuni byggist á. Þess vegna má halda því fram að regla, sem banni ráðherra að haga upplýsingagjöf sinni til Alþingis á þennan hátt, sé mikilvæg síðerðisleg og pólitísk samskiptaregla sem eigi sér stoð í almennum kröfum til lýðrædislegra stjórnarháttar. Til þess að hún geti aftur á móti talist til réttarreglna þarf hún að öllum líkendum að hafa trausta fóffestu í lögum eða í framkvæmd.

Skýrar upplýsingar liggja aftur á móti ekki fyrir um framkvæmdina að þessu leyti. Þau álitaefni sem upp hafa komið um upplýsingaskylda ráðherra hafa ekki leitt til rannsóknanna innan þings eða utan eins og gerst hefur í nágrannalöndunum.<sup>43</sup> Eitt dæmi er þó þekkt þar sem þingmenn stjórnarandstöðunnar sökuðu ráðherra um rang að villandi upplýsingagjöf í óundirbúnum fyrirspurnartíma en meiri hlutinn komst að þeiri niðurstöðu að upplýsingagjöfin hefði verið fullnægjandi (*Lindarmálið*).

Þingmaður spurði viðskiptaráðherra í óundirbúnum fyrirspurnartíma 3. júní 1996 hvort það væri rétt sem fram hefði komið í fréttum, að tap Landsbankans vegna Lindar, sem var dótturfyrirtæki bankans, næmi á milli 600 og 700 millj. kr. og hvernig bankanum væri ætlað að ráða við þetta tap miðað við erfða eiginfjártöðu hans. Ráðherra svaraði m.a. að hann vissi ekki hvert tap Landsbankans væri á einstökum eignarfyrirtækjum bankans. Hann hefði heyrت í fjölmöldum hvert tapið hefði verið vegna Lindar en hann treysti sér ekki til að fullyrða að þær upplýsingar væru réttar. Næstum tveimur árum síðar kom í ljós að ráðherra hafði verið búinn að kynna sér skýrslu Ríkisendurskoðunar um stöðu Landsbankans þegar málid kom til umræðu á Alþingi en í skýrslunni kom fram að bankinn hefði gengið í ábyrgðir fyrir Lind upp á 400 millj. kr. Hann kvaðst hins vegar ekki hafa getað staðfest eða hafnað því sem spurt var um, þ.e. að tapið hefði verið 600 til 700 millj. kr. Hann hefði ekki haft það greinargöðar upplýsingar um tapið. Tillaga kom frá stjórnarandstöðunni um að skipa rannsóknarnefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinna til að fara yfir málid þá m. upplýsingagjöf ráðherra við Alþingi. Peirri tillögur var viðað frá með rökstuddri dagskrá þar sem ráðherra hefði gert fullnægjandi grein fyrir samskiptum sínum við Alþingi út af málinu. Í skýringum ráðherra kom m.a. fram að hann hefði látið tvo haestaréttarlögmenn skoða málid og þeir hafi komist að þeiri niðurstöðu að svar ráðherra í óundirbúnum fyrirspurnartíma í júní 1996 hefði „ekki verið rangt“ og honum raunar óheimilt að fjalla um

43. Mörð stór „skandal“-mál á Norðurlöndum hafa snúist einhverju eða öllu leyti um hvort ráðherra hafi gefið þinginu ófullnægjandi eða rangar upplýsingar. Eitt þekktasta málid, Tamilamálið í Danmörku, snerist í upphafi m.a. um ætluð brot forsetirsáðherra, Pouls Schlüters, og tveggja fyrverandi dómsmálaráðherra, Eriks Niims-Hansens og H.P. Clau-sens, á upplýsingaskyldunni þó að ekki hafi verið ákært út af því. Sjá Jens Peter Christensen: *Ministeransvar*, bls. 448-452. Í Noregi hafa flest stærstu málin af þessu tagi í seinni tóð snúist um ófullnægjandi upplýsingagjöf af hálfu ráðherra við þingið, peirra á meðal Gardemoen-málid og Telianor-málid. Sjá Fredrik Sejersted: *Kontroll og konstitusjon*, bls. 763-782.

skýrslu Ríkisendurskoðunar á Alþingi „áður en ákvörðun um framhald málins hafði verið tekin af þar til bærum aðilum.“<sup>44</sup>

Þetta eina mál gefur tæplega tilefni til almennrar ályktunar um það hver afstaða Alþingis er til upplýsingaskyldu ráðherra. Í fyrsta lagi er óljóst hvert er eðli mælikvarðans „rétt/rangt svar“. Var hér um að ræða pólitíkska samskiptareglu sem aðeins getur leitt til pólitískrar gagnrýni eða vantrausts? Eða var krafan reist á réttarreglu sem er lagalega bindandi? Í öðru lagi kemur svarið fram í óundirbúnum fyrirspurnartíma þar sem ekki er hægt að gera sömu kröfur til nákvæmni auch þess sem þar getur maður helst átt von á að ráðherra svari pólitískum spurningum (eða ásókunum) með pólitísku svari. Við þær aðstæður gefst síður tilefni til að skoða málid út frá krófum um upplýsingaskyldu ráðherra. Í þriðja lagi var málid ekki tekið til alvarlegrar skoðunar heldur aðeins metið með hliðsjón af skýringum ráðherra og afgreitt á pólitískum forsendum. Prátt fyrir þetta virðist málid gefa ákveðna vísbindingu um að ráðherra verði a.m.k. að gæta þess að skýra þinginu rétt frá þegar þingmenn beina spurningum að honum (sannleiksskylda).

## 6. UPPLÝSINGASKYLDU RÁÐHERRA Á ÖÐRUM NORDURLÖNDUM

Á öðrum Norðurlöndum eru jafnan einhver fyrirmæli ýmist í stjórnarskrá eða lögum um ráðherraábyrgð, þar sem gerðar eru ákveðnar kröfur til ráðherra um hvernig þeir eigi að standa að upplýsingagjöf til þjóðþinga ríkjanna. Þar fyrir utan kunna að gilda ýmsar pólitískar samskiptareglur sem taka á upplýsingagjöf ráðherra við þingin.

### 6.1 Danmörk

Almenn sannleiks- og upplýsingaskylda ráðherra kemur ekki fram í dönsku stjórnarskránni. Hins vegar segir í 2. mgr. 5. gr. dönsku ráðherraábyrgðarlögum að það varði ráðherra refsíabyrgð ef hann veitir þinginu rangar eða villandi upplýsingar eða heldur upplýsingum leyndum í málí sem þingið hefur til meðferðar og hafa verulega þýðingu fyrir mat þingsins á því.<sup>45</sup> Framsetningin er því neikvæð, þ.e. ákvæðið leggur bann við tiltekinni háttsemi, enda er ákvæðið refsí-

44 Alþ. 1995-1996, B-deild bls. 746-748 (3. júní 1996); Alþ. 1997-1998, A-deild, bls. 6066-6067 og 6177 (þskj. 1489 og 1552, 723. mál); Alþ. 1997-1998, B-deild, bls. 8135-8138 (5. júní 1998); Sjá nánari reitun í *Eftirlit Alþingis með frumkvæmdarvöldnum*, bls. 120-121.

45 Ákvæðið er svohljóðandi: „Bestemmelsen i stk. 1 finder anvendelse, såfremt en minister giver folketinget urigtige eller vildledende oplysninger eller under folketingets behandling af en sag fortier oplysninger, der er af væsentlig betydning for tingets bedømmelse af sagen.“ Fjallð er um samnleiksskylduna í danskri réttarframkvæmd hjá Jens Peter Christensen: *Ministeransvar*, bls. 359-370.

ákvæði. Aftur á móti verður ekki aðeins lesið út úr ákvæðinu að ráðherra verði að láta það ógert að skýra þinginu rangt frá eða leggja fyrir það villandi upplýsingar, heldur hvílir viss frumkvæðisskylda á ráðherra. Þannig verður hann að gæta þess að leggja fyrir þingið allar þær upplýsingar sem hafa verulega þýðingu fyrir mat þingsins á því málí sem til umfjöllunar er. Ekki virðist hins vegar skipta málí hvort málid er flutt að frumkvæði ráðherra eða annarra þingmanna eða hvers eðlis það er. Þannig virðist sama regla gilda um tillögur ríkisstjórnarinnar og svör ráðherra við spurningum frá þingmönnum.<sup>46</sup>

### 6.2 Noregur

Árið 2007 var regla um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra sett í stjórnarskrá og í lög um ráðherraábyrgð í Noregi. Eðlilegt þótti að greina á milli skyldunnar, sem kemur fram í 82. gr. stjórnarskrárinna, og refsíabyrgðar ráðherra þegar hann vanrækir skylduna.<sup>47</sup> Samkvæmt stjórnarskrárvæðinu hvílir sú skylda á ríkisstjórninni að láta þinginu í té allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir umfjöllun um þau mál sem hún leggur fyrir þingið. Þá er ráðherrum óheimilt að leggja rangar eða villandi upplýsingar fyrir þingið og stofnanir þess.<sup>48</sup> Í lögum um ráðherraábyrgð er síðan tekið fram að vanræksla ráðherra á upplýsingaskyldu sinni við þingið varði hann refsíabyrgð.

Athygli vekur að ráðherra er einungis skyld að eiga frumkvæði að því að veita nauðsynlegar upplýsingar í málum sem ríkisstjórnin leggur fyrir þingið. Í þeim tilvikum er að sjálfsgöðu einnig óheimilt að veita þinginu rangar eða villandi upplýsingar og því hvílir bæði á honum jákvæð og neikvæð skylda. Í öðrum tilvikum, t.d. þegar ráðherrar svara spurningum þingmanna, hvílir hins vegar aðeins neikvæð skylda á honum, að forðast að gefa rangt eða villandi svar.

### 6.3 Svíþjóð

Hvorki í stjórnarskrá Svíþjóðar (Regeringsformen) né í þingsköpuum (Riksadsordningen) er mælt sérstaklega fyrir um skyldur ríkisstjórnarinnar eða ráðherra í tengslum við upplýsingagjöf þeirra til

46 Annað mál er að ráðherra hefur heimild til að neita svara öðrum spurningum en fyrirspurnum samkvæmt 53. gr. stjórnarskrárinna. Kjósi hann að svara, sem ráðherrar gera almennt, verður svarið hins vegar að vera rétt og teimandi um það efnir sem spurt er um. Sjá *Danmarks Riges Grundlov med kommentarer*. Ritsj. Henrik Zahle, Kaupmannahöfn 1999, bls. 265-267; Henrik Zahle: *Dansk forfatningsret I*, bls. 336-337; Jens Peter Christensen: *Ministeransvar*, bls. 361.

47 Dokument nr. 14 (2002-2003). *Rapport til Stortinget fra udvalget til å utrede Stortings kontrollfunksjon*. Oslo 2002, bls. 46.

48 Ákvæðið hljóðar svo: „Regeringen skal meddele Stortinget alle de Oplysninger, der ere nødvendige for Behandlingen af de Sager, den fremlægger. Intet medlem af Statsraadet maa fremlægge urigtige eller vildledende Oplysninger for Stortinget eller dets Organer.“

þingsins. Hins vegar er réttur þingnefnda til upplýsinga frá stjórnvöldum ríkur í Svíþjóð og skylda lögð á þau að veita svör. Þingmenn geta einnig beint spurningum og krafð ráðherra skýringa (frágor og interpellationer) um öll opinber mállefni.<sup>49</sup> Ekki virðist hins vegar vera vikið að sannleiksskyldu ráðherra í lögum.

#### 6.4 Finnland

Í 47. gr. finnsku stjórnarskráinnar, sem tók gildi árið 2000, er kveðið á um að þingið eigi aðgang að þeim upplýsingum frá ríkisstjórninni sem eru nauðsynlegar til að þingið geti fjallað um mál. Sú skylda er lögð að ráðherra að sjá til þess að þingnefndir og aðrar stofnanir þingsins fái taflaust nauðsynleg gögn og upplýsingar sem stjórnvöld hafa undir höndum. Jafnframt eiga einstakir þingmenn rétt til upplýsinga sem eru þeim nauðsynlegar út af þingstarfinu enda séu þær ekki háðar þagnarskyldu og varða ekki tillögur að fjárvéitingum sem eru í undirbúnungi. Ekki er vikið sérstaklega að sannleiksskyldu ráðherra í stjórnarskránni.

### 7. LÖGBUNDIN UPPLÝSINGASKYLDA RÁDHERRA HÉR Á LANDI

#### 7.1 Er ástaða til að binda skylduna í lög?

Hér að framan hefur því verið haldið fram að óvissa ríki um það ólögfest regla gildi hér á landi sem leggur upplýsingaskyldu á ráðherra við þingið. Viðbendingar úr framkvæmd eru einfaldlega of fátæklegar til að ljá slískri skyldu eitthvert intak. En er einhver þörf á að viðmið á þessu sviði hafi lagagildi? Nægir ekki að hafa pólitiska samskiptareglu sem gerir hlíðstæða kröfu til upplýsingagjafar ráðherra? Ef áhrifin eru þau sömu ætti ekki að skipta málí hvers eðlis reglan er.

Ákveðnar hættur fylgja því ef regla af þessu tagi er lögfest eða öðlast lagagildi á annan hátt. Það gæti takmarkað óhóflega pólitiskt svigrúm ráðherra til að meta hvaða upplýsingar skipta málí fyrir þingið svo það geti tekið upplýsta afstöðu til mála. Þá er það viðhorf áberandi í samfélagini að ef maður „brýtur lög“ sé það út af fyrir sig mikill álitshnekkir fyrir viðkomandi, þó að um smávægi-lega yfirsjón geti verið að ræða. Menn líta aftur á móti oft á vanrækslu, sem er „ðeins“ gagnrýniverð á pólitiskum forsendum, ekki eins alvarlegum augum, jafnvel þó að slík mistök geti haft afdrifarárikar afleiðingar og vegi að grunngildum lýðræðislegra stjórnarháttu. Ef reglan fær lagagildi kann það að leiða til þess að ráðherrar upplýsi þingið um hvert smáatriði í öllum málum, óháð því hvort

49 Sjá gr. 12.1 og 12.5 í Regeringsformen og þó aðallega gr. 4.11 í Riksagsordningin. Þá fyllt um „interpellation og frága“ í 6. kafla í Riksagsordningin.

það hafi einhverja þýðingu, bara til að koma í veg fyrir að þeir sæti ábyrgð fyrir brot á lögum. Það þjónar litlum tilgangi og gerir þingstörfin óskilvirkari.<sup>50</sup>

Þessi sjónarmið eiga rétt á sér. Á móti má benda á að inntak pólitískrar samskiptareglu af þessu tagi og áhrif hennar eru alveg eins óljós og mögulegrar réttarreglu. Ekki er hægt að benda á skýra framkvæmd sem sýnir hvernig slik regla setur mark sitt á samskipti ríkisstjórnar og þingsins. Því er erfitt fyrir ráðherra og þingmenn að gera sér grein fyrir hvar mörkin liggja. Þetta skapar ákevðna hættu á að samskiptin einkennist af áróðursbrögðum þar sem mikilvægum upplýsingum er haldið leyndum. Upplýsingaréttur þingmanna, sem vissulega er til staðar, bætir hér úr skák en leysir ekki vandann. Ekki er tryggt að þingmenn stjórnarandstöðunnar búi yfir vitneskjum sem komi þeim á sporið og fyrirfram óliklegt að þingmenn meiri hlutans vilji koma ríkisstjórninni í vanda jafnvel þó að þeir viti um atriði sem ættu að vera liður í umræðunni en pykja ekki vera til framdráttar ríkisstjórninni.

Hið pólitiska aðhald sem felst í þingræðisreglunni veitir heldur ekki nægja tryggingu fyrir því að ríkisstjórnir gæti þess að upplýsa þingið um þau atriði sem skipta málí. Hættan er su að ríkisstjórnin telji sig einungis vera skuldbundna stjórnarmeirihlutum sem veitir henni stuðning. Hún treystir honum, enda minni hætt að að hann „verði til vandræða“ þegar mál koma til afgreiðslu. Þetta getur leitt til þess að ráðherrar veiti þingmönnum stjórnarmeirihlutans allar nauðsynlegar upplýsingar en vanræki að leggja upplýsingar fyrir Alþingi í heild, þ.m.t. þingmenn stjórnarandstöðunnar. Það getur ekki talist eðlilegt í lýðræðislegu tilliti. Alþingi er ætlað að starfa sem einn vettvangur sem endurspeglar ólikt litróf stjórnunmálvíðhorfa í samfélagini. Það er Alþingi sem fer með löggjafarvaldið og fjárvéitingarvaldið og ályktar um önnur mállefni, ekki stjórnarmeirihlutinn, og þar fer umræða fram fyrir opnum tjöldum sem gerir lýðræðislegt aðhald kjósenda mögulegt. Eigi einhver upplýsingaskylda að hvila á ráðherra, hvort sem hún er pólitisk eða lagaleg, hlýtur hún að vera við Alþingi í heild, ekki við einstaka þingmenn eða hluta þeirra. Það stuðlar því að meiri réttindum minni hlutans ef slíkri skyldu yrði veitt lagagildi því þá er hún ekki eins háð pólitiskum forsendum.<sup>51</sup>

50 Fredrik Sejersted: *Kontrol og konstitusjon*, bls. 717-718.

51 Í leiðbeinandi ályktun Evrópuráðsins nr. 1601/2008 um réttindi og ábyrgð stjórnarandstöðunnar innan lýðræðislegra þinga (procedural guidelines on the rights and responsibilities of the opposition in a democratic parliament) er m.a. bent á mikilvægi jafnraðis í aðgangi að upplýsingum. Í gr. 2.2.1 segir orðrétt: „opposition members have the right to information; opposition members and members of the majority are entitled to receive the same information from the government.“ Sjá einnig Fredrik Sejersted: *Kontrol og konstitusjon*, bls. 719.

Þegar á heildina er litið verður hér talið ákjósanlegra að lögfesta ákvæðna meginreglu um upplýsingaskyldu ráðherra fremur en að búa við ríkjandi óvissu.

#### 7.2 Hversum ítarleg á reglan að vera?

Eins og sjá má af yfirferðinni í 6. kafla eru reglur um upplýsingaskyldu ráðherra á öðrum Nordurlöndum almennt ekki ítarlegar heldur hafa þær fyrst og fremst að geyma ákvæðnar *vísireglur* sem kalla á að atvik og aðstæður séu metnar í hverju tilviki. Þetta dregur vissulega úr leiðsagnargildi reglunnar. Að öllum lískendum er þó óhjákvæmilegt að náðurstaða um hvort tilteknun upplýsingum skuli miðlað til þingsins ráðist að einhverju leytí af mati ráðherra á gildi þeirra fyrir þingið. Þingið getur síðan tekið afstöðu til þess hvort frekari upplýsinga er þörf eða endurmetið hvort upplýsingagjöfin hafi verið fullnægjandi.

#### 7.3 Hvers konar reglu er rétt að lögfesta?

Nágrannar okkar á Nordurlöndum hafa farið ólikar leiðir að þessu leytí eins og fram hefur komið. Í Finnlandi er framsetningin skyldunnar *jákvæð*, hún kemur fram í stjórnarskrá og í reglunni er ekki fjallað sérstaklega um afleiðingar ef út af skyldunni er brugðið. Í Danmörku er framsetningin hins vegar *neikvæð* og reglan tengd við *refsiábyrgð* í ráðherraábyrgðarlögum. Norðmenn fara milliveginn. Hér verður ekki gert upp á milli þessara leiða en bent á að í lang flestum tilvikum settu vægarí viðbrögð, eins og gagnrýnin ályktun þingsins eða vanraust, að vera nærtækari út af vanrækslu á upplýsingaskyldu en refsiábyrgð. Hins vegar verður að telja ólíklegt að Alþingi taki almennt á málum út af ætlaðri, ófullnægjandi upplýsingagjöf nema að unnt sé að styðjast við skýrari reglu. Þá er ekki útlokað að í mjög alvarlegum tilvikum kynni að reyna að refsiábyrgð ráðherra enda sé saknæmisskilyrðum fullnægt. Til þess þarf þá að kveða á um skylduna í lögum, en ekki endilega í lögum um ráðherraábyrgð, sbr. c-lið 8. gr. og b-lið 9. gr. laganna. Þá lýtur upplýsingaskyldan að grundvallaratriðum í samskiptum ríkisstjórnar og þingsins og því eðlilegt að efnisreglan komi fram í stjórnarskrá.

#### 7.4 Tvíþatt regla

Í Noregi og Danmörku má skipta reglunni í two þætti, *sannleiksskyldu* annars vegar og *upplýsingaskyldu* hins vegar. Í Finnlandi er aðeins kveðið á um upplýsingaskyldu en líklegt að í því felist einnig krafra um að upplýsingarnar séu réttar.

Sannleiksskyldan er sett fram sem bannregla með almennu gildissviði bæði í Noregi og Danmörku. Þannig er ráðherra *óheimilt* að

veita þinginu rangar og villandi upplýsingar án þess að það sé takmarkað við tiltekin mál eða tilefni. Þessi krafra tekur því m.a. til upplýsinga sem ráðherra er ekki skylt að leggja fyrir þingið.<sup>52</sup> Með röngum upplýsingum er átt við hrein ósannindi en erfidara getur verið að skilgreina hvad átt er við með villandi upplýsingum. Það hefur verið talið að nokkuð mikil þurfi til að koma svo upplýsingagjöf teljist villandi í þessu samhengi. Helgast það einkum af því að framsetning mála á þessum vettvangi er oftast „lituð af pólitík“ sem stjórnarandstaðan verður að taka með í reikninginn.<sup>53</sup> Minni háttar mistök eða ónákvæmni teljast almennt heldur ekki til brota á sannleiksskyldunni.<sup>54</sup>

Upplýsingaskyldan hefur þrengra gildissviði en sannleiksskyldan bæði í Danmörku og Noregi en um leið er vandasamara að framfylgja þeiri reglu. Þar er veitt leiðsögn um það í hvaða tilvikum ráðherra eigi að leggja upplýsingar fyrir þingið án þess að þingið fari fram á það. Mikilvægt er að hafa í huga að þar er ekki er gerð krafra um að ráðherrar haldi þinginu stöðugt upplýstu um stjórnarframkvæmdina eða vinnu ríkisstjórnarinnar. Í Danmörku, Noregi og Finnlandi er aðeins miðað við að ráðherra þurfi að leggja fram upplýsingar í tengslum við mál sem eru til meðferðar í þinginu.

Í Noregi er upplýsingaskylda ráðherra síðan takmörkuð við mál sem *ríkisstjórnin á frumkvæði* að. Ástæðan fyrir því er að í þeim tilvikum er ríkisstjórnin að leita eftir samþykki eða staðfestingu þingsins. Í þeim tilvikum skiptir það þingið miklu að fá fullnægjandi upplýsingar til að geta metið málíð rétt. Þegar þingið á frumkvæði að málum er aftur á móti nærtækara að þingmenu kalli sjálfir eftir viðbrögðum og upplýsingum frá ráðherrum.<sup>55</sup> Þetta er skiljanleg nálgun en ekki endilega sjálfsgöð. Spurningin hér er hversu ríka ábyrgð ráðherrar eiga að bera á því að þingið taki afstöðu til þingmála almennt á forsvaranlegum grunni.

Þýðing upplýsinganna fyrir þingið skiptir einnig verulegu málíð fyrir gildissvið upplýsingaskyldunnar. Hvergi er miðað við að það hvili lagaleg skylda á ráðherra að leggja allar upplýsingar sem tengjast viðkomandi málíð fyrir þingið. Í Noregi og Finnlandi er sú skylda afmörkuð við upplýsingar sem eru *nauðsynilegar* fyrir þingið til að geta metið málíð. Í Danmörku er vísað til þess að upplýsingaskyldan gildi um upplýsingar sem hafa *verulega þýðingu* fyrir mat þingsins á málinu. Með þessu er væntanlega ekki aðeins átt við upplýsingaskyldan.

52 Fredrik Sejersted: *Kontroll og konstitusjon*, bls. 724.

53 Fredrik Sejersted: *Kontroll og konstitusjon*, bls. 725; Jens Peter Christensen: *Ministeransvar*, bls. 362-363.

54 Dokument nr. 14 (2002-2003), bls. 41.

55 Fredrik Sejersted: *Kontroll og konstitusjon*, bls. 728-732; Dokument nr. 14 (2002-2003), bls. 44-45.

ingar sem myndu leiða til annarrar niðurstöðu legði ráðherra þær ekki fram. Sennilega liggja mörkin nokkru neðar. Hins vegar er talið mikilvægt að allar *stáðreyndir* sem geta haft þýðingu fyrir mat þingsins komi fram óháð því hvort þær séu tillögum ríkisstjórnarinnar til framdráttar eða ekki. Upplýsingar um mismunandi *faglegt mat* sérfræðinga geta einnig fallið undir upplýsingaskylduna. Rétt er að meta það út frá því hvort um sérstaklega mikilvægar, faglegar röksemdir er að ræða. Þá getur skipt málí hvaðan hið faglega mat kemur. Hins vegar má ganga út frá því að ekki þurfi að upplýsa um ólikt þólitiskt mat manna.<sup>56</sup>

### 7.5 Undantekningar

Ljóst er að ráðherra brýtur ekki gegn upplýsingaskyldu sinni ef honum er óheimilt að miðla viðkomandi upplýsingum til þingsins eða er heimilt að láta það ógert. Því skiptir miklu að skýra réttarstöðuna að þessu leytti sbr. umfjöllun í 2.3.3 kafla. Sé ráðherrum gert kleift að leggja upplýsingar fyrir Alþingi sem þagnarskyldureglur taka til gæti upplýsingaskyldan gilt um þær enda hafi þær verulega þýðingu fyrir mál sem er til meðferðar á Alþingi.

## 8. SAMANTEKT

Upplýsingaskylda ráðherra fjallar um skyldu ráðherra til að veita Alþingi fullnægjandi upplýsingar til að þingið geti metið þau mál sem koma til kasta þess. Í greininni er komist að þeirri niðurstöðu að óljóst sé hvort almenn skylda af þessu tagi hafi lagagildi hér á landi.

Annað gildir um upplýsingarétt þingmanna, sem á sér stod í 54. gr. stjórnarskráinnar. Með upplýsingarétti er átt við rétt þingmanna til að krefjast upplýsinga eða skýringa frá ráðherra. Þessi upplýsingaréttur er afmarkaður við opinber málefni sem má skilgreina sem sérhvert atriði sem tengist hlutverki eða starfsemi ríkisins. Þessi réttur sæti ákveðnum takmörkunum sem helgast af því að þingstörfin fara fram fyrir opnum tjöldum og þingmenn eru ekki bundnir almennri þagnarskyldu um viðkvæm málefni sem eiga samkvæmt lögum að fara leynt. Bent er á að með því að gera þinginu betur kleift að taka við slíkum upplýsingum gefist færí að skoða beiðni um upplýsingar frá þingmönnum frá öðru sjónarhorni. Í stað þess að horfa til þess hvort halda eigi upplýsingunum leyndum fyrir almenningi getur aðgangurinn ráðist af hagsmunamati þar sem athugað er hversu mikla þýðingu upplýsingarnar hafa fyrir hlutverk og störf þingsins.

56 Fredrik Sejersted: *Kontrol og konstitusjon*, bls. 733-735; Dokument nr. 14 (2002-2003), bls. 43.

Á öðrum Norðurlöndum er upplýsingaskylda ráðherra lögfest ýmist í stjórnarskrá eða lögum um ráðherraábyrgð. Færð eru rök fyrir því að ástæða sé til að gera það einnig hér á landi. Í greininni er bent á nokkur sjónarmið sem eðilegt er að hafa í huga við lögfestingu slíkra skyldu. Meðal þeirra atriða er að sennilega sé óhákvæmilegt að slík regla sé háð ákveðnu mati (vísisregla) og að engin nauðsyn sé á því að hún sé tengd beint við mögulega refsábyrgð. Reglan geti verið tvíþætt, þ.e. kveðið á um sannleiksskyldu annars vegar, sem bannar ráðherra að leggja rangar eða villandi upplýsingar fyrir Alþingi, og upplýsingaskyldu hins vegar, þar sem ákveðnar kröfur eru gerðar til ráðherra að leggja fyrir Alþingi upplýsingar sem hafa verulega þýðingu fyrir þau mál sem þar eru til umfjöllunar.

### HEIMILDASKRÁ:

Alþingistjóindi.

Agust Geir Ágústsson: „Upplýsingaréttur alþingismanna.“ *Löggmannablaðið*, 4. tbl. 2002, bls. 28-30.

Ásmundur Helgason og Ómar H. Kristmundsson: *Stjórnarráð Íslands 1964-2004. Skipulag og starfshættir*. 1. bindi, ritstj. Súmarliði R. Íslifsson, Reykjavík 2004.

Ásta Möller: „Um ráðherraábyrgð. 3. hluti: Hugmyndir um hvernig efla má eftirlit með framkvæmdarvaldinu.“ *Íþjóðmál. Tímarit um stjórnálf og menningu*, vor 2006, bls. 73-78.

Bryndís Hlöðversdóttir: „Eftirlits- og rannsóknarhlutverk Alþingis – forsenda ráðherraábyrgðar“. *Rannsóknir í félagsvísindum VI, Lagadeild*, (ritstj. Róbert R. Spanó), Reykjavík 2005, bls. 71-85.

Danmarks Riges Grundlov med kommentarer. ritstj. Henrik Zahle, Kaupmannahöfn 1999.

Dokument nr. 14. Rapport til Stortinget fra udvalget til å utrede Stortings kontroll-funksjon, Oslo 2002.

Eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Skýrsla vinnuhóps sem forsætisnefnd fól ad fara yfir nágildandi lagareglur um eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu og leggja mat á hvort breyttinga se þörf. Reykjavík 2009.

Eiríkur Tómasson: „Íslensk lög um ráðherraábyrgð og samanburður á þeim og dönskum lögum um sama efni“. *Rannsóknir í félagsvísindum VI Lagadeild*, (ritstj. Róbert R. Spanó), Reykjavík 2005, bls. 117-142.

Fredrik Sejersted: Kontroll og konstitusjon. *Statsrettlige studier av Stortingsets kontrollvirksomhet*, Oslo, 2002.

Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*. 2. útg., Reykjavík 1999.

Jens Peter Christensen: *Ministeransvar. Kaupmannahöfn* 1997.

Ólafur Jóhannesson: *Stjórnskipun Íslands*. 2. útg., Reykjavík 1978.

Smith, Eivind: *Regierungens opplysningsplikt overfor Stortinget*. Oslo 1997. Starfsskilyrði stjórnvalda. Skýrsla nefndar um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnþjslu. Forsætisráðuneytið, Reykjavík 1999.

Vogter, John og Stausbøll, Jens Erik: „Tavshedspligt over for Folketinget.“ *Juristen*, 1999, bls. 353-365.

Zahle, Henrik: *Dansk forfatningsret 1. Institutioner og regulering*. 3. udg., Kaupmannahöfn 2007.